

# Mannréttindaskrifstofa Íslands

Laugavegi 7 • 3. hæð • 101 Reykjavík

Sími: 552 2720 • Fax: 552 2721 • e-mail: icehr@humanrights.is

## Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um upptöku Tobin-skatts á fjármagnsflutninga á milli landa.

Mannréttindaskrifstofa Íslands er sammála efni tillögunnar, að fela ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að komið verði á viðræðum til að undirbúa upptöku Tobin-skatts á fjármagnsflutninga milli landa.

Á fylgiskjali með umsögninni eru útdráettir úr textum Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og samnings Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Í báðum þessum samþykktum hefur það verið skilgreint sem ábyrgð og skylda bæði einstakra ríkja og alþjóðsamfélagsins að tryggja að allir menn njóti grundvallarréttinda og lífskilyrða sem eru nauðsynleg til þess að virðing þeirra og þroski fái notið sín.

Mannréttindaskrifstofa Íslands telur að allar aðgerðir í alþjóðlegri samvinnu sem gætu leitt til þess að tryggja réttindi þau sem koma fram í ofangreindum samþykktum og miða að því að útrýma örbyrgð og ólæsi eða til að standa straum af friðargæslu og hreinsun jarðsprengjusvæða séu jákvæðar og hvetur ríkisstjórn Íslands til þess að vera virkur þátttakandi í því að hvetja til slíkra aðgerða og veita þeim fullan stuðning.

Fylgiskjal með umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um upptöku Tobin-skatts á fjármagnsflutninga á milli landa.

**Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna.**

**22. grein.**

"Hver þjóðfélagsþeign skal fyrir atbeina hins opinbera eða alþjóðasamtaka og í samræmi við skipulag og efnahag hvers ríkis eiga kröfu á félagslegu öryggi og þeim efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum, sem honum eru nauðsynleg til þess að virðing hans og þroski fái notið sín."

**Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.**

**Inngangsorð**

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum hafa í huga, í samræmi við grundvallaratriði þau sem sett eru fram í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, að viðurkenning á meðfæddri göfgi mannsins og jöfnum óaðskiljanlegum réttindum allra manna sé grundvöllur frelsis, réttlætis og friðar í heiminum.

viðurkenna að þessi réttindi leiða af meðfæddri göfgi mannsins,  
viðurkenna, í samræmi við Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, að sú hugsjón að menn séu frjálsir, óttalausir og þurfi ekki að líða skort, rætist því aðeins að sköpuð verði skilyrði til þess að allir geti notið efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda, jafnt sem borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda,

hafa í huga skyldur ríkja samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna til þess að stuðla að almennri virðingu fyrir og varðveislu mannréttinda og frelsis,

gera sér grein fyrir að einstaklingurinn sem hefur skyldur gagnvart öðrum einstaklingum og samfélagi því sem hann tilheyrir hefur þá ábyrgð að leitast við að stuðla að og halda í heiðri réttindi þau sem viðurkennd eru í samningi þessum,

**2. grein, 1. mgr.**

"Sérhvert ríki sem aðili er að samningi þessum tekst á hendur að gera þær ráðstafanir, eitt sér eða fyrir alþjóðaaðstoð og samvinnu, sérstaklega á svíði efnahags og tækni, sem það frekast megnar með þeim ráðum sem því eru tiltæk, í þeim tilgangi að réttindi þau sem viðurkennd eru í samningi þessum komist í framkvæmd í áföngum með öllum tilhlýðilegum ráðum, þar á meðal sérstaklega með lagasetningu."